

Snjóflóð á Íslandi veturinn 2007–2008

Rúnar Óli Karlsson
Pálína Þórisdóttir
Sveinn Brynjólfsson
Harpa Grímsdóttir

Snjóflóð á Íslandi veturinn 2007–2008

Rúnar Óli Karlsson, Veðurstofu Íslands
Pálína Þórisdóttir, Veðurstofu Íslands
Sveinn Brynjólfsson, Veðurstofu Íslands
Harpa Grímsdóttir, Veðurstofu Íslands

Lykilsíða



Skýrsla nr.: VÍ 2011-017	Dags.: Desember 2011	ISSN: 1670-8261	Opin <input checked="" type="checkbox"/> Lokuð <input type="checkbox"/> Skilmálar:
Heiti skýrslu / Aðal- og undirtitill: Snjóflóð á Íslandi veturinn 2007–2008		Upplag: 45 Fjöldi síðna: 52	
		Framkvæmdastjóri sviðs: Kristín Hermannsdóttir	
Höfundar: Rúnar Óli Karlsson, Pálína Þórisdóttir, Sveinn Brynjólfsson og Harpa Grímsdóttir		Verkefnisstjóri: Harpa Grímsdóttir	
		Verknúmer: 4351-0-0001	
Gerð skýrslu/verkstig:		Málsnúmer: 2012-14	
Unnið fyrir:			
Samvinnuaðilar:			
Útdráttur: Veturinn 2007–2008 var fremur snjóléttur og snjódýpt með minna móti í flestum landshlutum. Í ofanflóðagagnasafni Veðurstofu Íslands eru skráðar 292 færslur frá vetrinum en flóðin eru nokkru fleiri vegna þess að stundum eru mörg flóð skráð í sömu skráningunni. Aðeins kom einu sinni til rýmingar húsnæðis vegna ofanflóðahættu og flóð ollu fyrst og fremst vandræðum með lokun vega og minniháttar tjóni. Markverðast var hve oft fólk lenti í flóðum, þó án þess að manntjón eða alvarleg slys hlytust af.			
Lykilorð: Snjóflóð, snjóalög, tíðarfar, snjóflóða- aðstæður, snjóflóðasprenningar, snjódýptarmælingar, snjóflóðavakt, snjóflóðahrinur, snjóflóðaannáll, annáll.		Undirskrift framkvæmdastjóra sviðs: 	
		Undirskrift verkefnisstjóra: 	
		Yfirfarið af: SG	

Efnisyfirlit

1	Inngangur	7
2	Tíðarfarsyfirlit: október – maí	7
3	Snjódýptarmælingar	8
4	Yfirlit yfir snjóflóð og vöktun snjóflóðahættu	10
4.1	Fólk í snjóflóðum	11
4.2	Helstu snjóflóð	12
4.2.1	Stórt og formfagurt flóð í Bjólfinum 9. febrúar	12
4.2.2	Syðridalur 12. febrúar	12
4.2.3	Súgandafjörður 28. febrúar	13
4.2.4	Sprengiflóð 6. apríl	15
4.2.5	Kúhagagil 1. maí	16
4.2.6	Maður í snjóflóði í Strengsgili 5. maí	17
4.3	Helstu hrinur vetrarins	18
4.3.1	Norðanverðir Vestfirðir 7.–9. febrúar	18
4.3.2	Norðurland 13.–16. mars	20
	Heimildir	20
	Viðauki I. Veðuraðdragandi nokkurra snjóflóða	21
	Viðauki II. Skráð ofanflóð vetrinn 2007–2008, skýringar	27

Töfluskrá

Tafla 1.	Viðbúnaðarástand og rýmingar vetrinn 2007–2008	11
Tafla 2.	Nokkrir veðurþættir mældir á sjálfvirkum veðurstöðvum í aðdraganda helstu snjóflóða vetrarins	26
Tafla 3.	Veðurstöðvar notaðar við að greina einstaka þætti í veðuraðdraganda snjóflóðanna	26

Myndaskrá

Mynd 1.	Snjódýpt í Seljalandshlíð. Hæð stika yfir sjó er tilgreind aftan við stikunafn	9
Mynd 2.	Snjódýpt á Siglufirði. Hæð stika yfir sjó er tilgreind aftan við stikunafn.	9
Mynd 3.	Snjódýpt á Seyðisfirði. Hæð stika yfir sjó er tilgreind aftan við stikunafn.	10
Mynd 4.	Snjóflóðið við varnargarðinn í Bjólfinum, Seyðisfirði.	12

Mynd 5. Flóðið í Tyrkjagili.....	13
Mynd 6. Jóhann Hannibalsson mælir brotstálið í Tyrkjagili.....	13
Mynd 7. Flóðfarvegurinn í botni Súgandafjarðar. Brotstálið var efst í klettunum.	14
Mynd 8. Oddur Pétursson mælir flóðið við gangamunnann í Súgandafirði.	14
Mynd 9. Snjóflóð á ferð niður annað sprengigiljanna í nágrenni Bolungarvíkur.	15
Mynd 10. Snjóflóð í sprengigili á fullri ferð.....	15
Mynd 11. Flóðið fór yfir vegskála Múlaganga.	16
Mynd 12. Flóðið í Kúhagagili breiddi mikið úr sér og féll í sjó fram.	16
Mynd 13. Strengsgil. Hengjan sem brotnaði er merkt með rauðu.	17
Mynd 14. Horft niður flóðið í Strengsgili.....	18
Mynd 15. Vindhraði og vindátt á Gagnheiði 4.–10. febrúar 2008.....	21
Mynd 16. Hiti og uppsöfnuð úrkoma á Seyðisfirði 4.–10. febrúar 2008.....	21
Mynd 17. Vindhraði og vindátt á Þverfjalli 7.–13. febrúar 2008.....	22
Mynd 18. Hiti og uppsöfnuð úrkoma í Bolungarvík 7.–13. febrúar 2008.....	22
Mynd 19. Vindhraði og vindátt á Þverfjalli 21.–27. febrúar 2008.....	23
Mynd 20. Hiti og uppsöfnuð úrkoma í Bolungarvík 21.–27. febrúar 2008.....	23
Mynd 21. Vindhraði og vindátt á Þverfjalli 1.–7. apríl 2008.....	24
Mynd 22. Hiti og uppsöfnuð úrkoma í Bolungarvík 1.–7. apríl 2008.	24
Mynd 23. Vindhraði og vindátt í Grímsey 26. apríl –1. maí 2008.....	25
Mynd 25. Hiti og uppsöfnuð úrkoma í Ólafsfirði 26. apríl –2. maí 2008.....	25

1 Inngangur

Veturinn 2007–2008 var fremur snjóléttur og snjódýpt með minna móti eins og sjá má á snjódýptarlínuritum. Sjaldan þurfti að grípa til rýmingar húsnæðis eða lýsa yfir viðbúnaðarástandi. Í ofanflóðagagnasafni Veðurstofu Íslands eru skráðar 292 færslur frá þessum vetri en flóðin eru töluvert fleiri því stundum eru mörg flóð í sömu skráningunni. Þess má geta til viðmiðunar að færslurnar eru um 290 frá vetrinum á undan og um 333 frá vetrinum 2008–2009. Af þeim 292 færslum sem skráðar voru þennan vetur, eru 187 flóð með útlínu í kortagrunni VÍ. Ástæður fyrir því að þau eru ekki fleiri eru m.a. að oft eru ekki til ljósmyndir eða nákvæm staðsetning er ekki vituð, eða um mjög smá flóð var að ræða. Einnig skráði Vegagerðin mörg flóð þennan vetur og eru þau komin í gagnasafn Veðurstofunnar.

Annáll þessi nær yfir skráð snjóflóð vetrarins og þær krapa- og aurskriður sem fréttist af um veturinn. Annállinn nær ekki yfir aurskriður sumarsins. Flest flóðanna eru skráð af starfsfólki Veðurstofunnar og Vegagerðarinnar og er ljóst að fjölmörg flóð falla á ári hverju án þess að eftir þeim sé tekið eða þau skráð.

Frá janúar til maí var nokkuð um að fólk lenti í snjóflóðum. Oftast var um að ræða vélsleða- og skíðamenn sem komu flóðunum sjálfir af stað en án alvarlegra slysa. Flest snjóflóð féllu í mars en í byrjun mánaðarins var kominn töluverður snjór víða um land. Snjóflóð ollu nokkru fjárhagslegu tjóni þennan vetur, mest vegna flóða sem féllu yfir vegi eða skemmdu girðingar en engin snjóflóð ollu tjóni á byggingum. Þess má þó geta að grjóthrun úr Reynisfjalli í Mýrdal eyðilagði gamlan torfbæ.

2 Tíðarfarsyfirlit: Október – maí

Október var óvenju votviðrasamur og hlýr um allt sunnan- og vestanvert landið og voru októbermet úrkomu víða slegin. Snjódýpt var mjög lítil í mánuðinum.

Nóvember var hlýr en nokkuð rysjóttur á landinu. Nokkuð úrkomusamt var á landinu suðvestanverðu en fremur þurrt norðaustanlands. Snjólétt var um nær allt land. Mjög hlýtt var framan af mánuðinum en síðan kólnaði og hiti varð nærri meðallagi síðari hlutann.

Desember var einnig hlýr, úrkomusamur og rysjóttur. Meðalhiti víða á landinu var vel yfir meðallagi. Stormasamt var í mánuðinum, einkum um vesturhelming landsins. Snjólétt var víðast hvar á landinu og gerði mikla hláku um miðjan mánuðinn sem olli aurskriðum á norðanverðum Vestfjörðum sem m.a. lokuðu Hnífsdalsvegi og Óshlíð.

Janúar var nærri meðallagi á landinu. Umhleyppingasamt var og þó hvergi væri mikill snjór, var hann samt til trafala við samgöngur. Nokkur illviðri gengu yfir landið, verstu veðrin gerði á nýársnótt og síðan 22., 27. og 31. janúar. Minniháttar tjón varð í þessum veðrum og töluverðar samgöngutruflanir.

Illviðri voru tíð í **febrúar**, einkum fyrir miðjan mánuð og víða var talsverður snjór á jörðu. Mjög kalt var í upphafi mánaðarins, en hlýr kafli kom í kringum miðjan mánuð. Síðustu dagana var hiti aftur undir meðallagi. Snjór var meiri sunnanlands en algengt hefur verið síðustu árin. Norðanlands var talsverður snjór fyrstu vikuna en þann snjó tók upp að mestu á láglandi þannig að snjólétt var síðari hluta mánaðarins. Versta áhlaupið gerði dagana 8.–9.

febrúar og féllu snjóflóð víða á norðanverðum Vestfjörðum sem lokuðu vegum og ollu öðrum vandræðum. Meðal annars lokuðust vegfarendur á milli flóða á Óshlíðinni og þurfti að bjarga þeim með báti. Víða varð tjón í veðrinu, bæði af völdum hvassviðris og asahláku.


Marsmánuður var ekki fjarri meðallagi um stóran hluta landsins en úrkomusamt var sums staðar norðan- og austanlands. Mánuðurinn var ívið kaldari og snjóasamari en marsmánuðir síðustu ára. Snarpt en skammvinnt norðanskot gerði á skírdag 20. mars en að öðru leyti var veður meínlítið mestan hluta mánaðarins.

Apríl var lengst af hagstæður. Hann var fremur úrkomulítill og vindáttin var yfirleitt austan- eða norðaustanstæð. Svált var í veðri framan af. Um miðjan mánuð hlýnaði verulega og var hiti síðari hluta mánaðarins vel yfir meðallagi að slepptum fimm síðustu dögum um norðanvert landið. Nokkuð hvasst varð víða um land í byrjun mánaðarins og einnig síðustu daga hans. Snjór á láglandi var ívið meiri en undanfarin ár fram eftir mánuðinum.


Hret gerði fyrstu dagana í **maí** með nokkrum snjóflóðum á Norðurlandi og í Neskaupstað.

3 Snjódýptarmælingar


Að neðan eru þrjú snjódýptarlínurit frá mismunandi landshlutum sem gefa góða mynd af snjósöfnun vetrarins. Um er að ræða lóðréttu snjódýpt sem mæld er á stikum sem komið er fyrir í hlíðum ofan bæja þar sem snjóflóð geta ógnað byggð. Snjór fór að safnast í fjöll á norðanverðum Vestfjörðum í byrjun nóvember og segja má að snjódýptin hafi verið mun minni en veturinn á undan og veturinn 2008–2009. Svipaða sögu er að segja af Norðurlandi en þar náði snjódýpt aldrei að verða umtalsverð. Á Austurlandi var snjódýpt töluvert meiri á Seyðisfirði en í Neskaupstað.



Mynd 1. Snjódýpt í Seljalandshlíð. Hæð stika yfir sjó er tilgreind aftan við stikunafn.



Mynd 2. Snjódýpt á Siglufirði. Hæð stika yfir sjó er tilgreind aftan við stikunafn.



Mynd 3. Snjódypt á Seyðisfirði. Hæð stika yfir sjó er tilgreind aftan við stikunafn.

4 Yfirlit yfir snjóflóð og vöktun snjóflóðahættu

Veturinn 2007–2008 var með rólegra móti. Snjóflóð féllu að vísu víða og töfðu samgöngur og útivistarfólk fékk líka að kenna á snjóflóðum án þess að alvarleg slys hlytust af.

Snjóflóð byrjuðu að falla í nóvember en um miðjan desember kom hlýindakafli með mikilli rigningu sem olli snjóflóðum og aurskriðum á norðanverðum Vestfjörðum sem lokuðu vegum. Frekar tíðindalítið var um landið þar til í byrjun febrúar þegar talsverð snjóflóðahrina gekk yfir Vestfirði þegar hlánaði í kjölfar nokkurrar snjósöfnunar. Þá féll nokkuð af flóðum á Austurlandi þar sem m.a. tveir vélsleðamenn sluppu með skrekkin á Reyðarfirði. Stórt og tilkomumikið snjóflóð féll að varnargarðinum í Bjölfstindi á Seyðisfirði. Dagana 25. febrúar til 1. mars gerði hrinu snjóflóða á norðanverðum Vestfjörðum. Stærsta flóð vetrarins féll 26. febrúar yfir gangamunnann í Súgandafirði og lokaði veginum yfir nótt. Dagana á undan var eindregin norðan- og norðaustanátt með skafrenningi sem hefur hlaðið snjó í upptakasvæðin hlémegin í Súgandafirðinum. Um miðjan mars kom önnur snjóflóðahrina á Austurlandi með flóðum víða í landshlutanum. Í apríl féllu flóð víða um land en fá voru sérstaklega eftirtektarverð. Snjóflóðaskráningar í maí voru vel fyrir ofan meðallag þennan veturinn en 19 flóð eru skráð í gagnasafn Veðurstofunnar þann mánuðinn. Til viðmiðunar eru skráningarnar einungis sex árið á undan og fjórtán í maí 2009. Ástæðan er fyrst og fremst hret sem gekk yfir norðan- og austanvert landið í lok apríl og byrjun maí.

Snjóflóðavakt hófst 15. október að venju. Sú nýjung var tekin upp á vaktinni þennan veturinn, að í fyrsta skipti var bakvakt einnig sinnt frá Ísafirði. Einn starfsmaður sinnti vaktinni þaðan og fundaði með veðurfræðingi í gegnum fjarfundarbúnað eða síma. Þessi tilhögun hefur

gengið vel. Vaktin var framlengd til 22. apríl, en henni lýkur venjulega 15. apríl. Ástæðan var sú að snjódýpt var í hámarki um miðjan apríl.

Einu sinni var lýst yfir viðbúnaðarástandi þennan vetur, sem er vel undir meðallagi. Það var á norðan- og sunnanverðum Vestfjörðum vegna hláku í kjölfar talsverðrar snjósöfnunar. Einu sinni var rýmt en það var á bænum Laugabóli í Ísafjarðardjúpi vegna mikillar hláku yfir nokkra daga.

Tafla 1. Viðbúnaðarástand og rýmingar veturinn 2007–2008.

Staður	Sett	Aflýst	Tegund
Sunnanvert Ísafjarðardjúp	19.10.2007 20:00	20.10.2007 15:00	Rýming
Norðanverðir Vestfirðir	08.02.2008 13:30	09.02.2008 10:30	Viðbúnaðarástand
Sunnanverðir Vestfirðir	08.02.2008 17:00	09.02.2008 10:30	Viðbúnaðarástand

4.1 Fólk í snjóflóðum

Janúar. Mennt í eftirleitum komu af stað snjóflóði í Ólafsvíkurenni þann 30. janúar. Einn þeirra komst undan á hlaupum.

Febrúar. Fimm ára gömul stúlka var hætt komin er snjóhengja féll af húspaki þriggja hæða húss á Akureyri þann 3. febrúar. Móðir stúlkunnar kom henni til aðstoðar. Hún heyrði skruðninga er hengjan féll en vit stúlkunnar voru full af snjó. Tveir snjósleðamenn lentu í flekaflóði í Skagafelli í Reyðarfirði þann 6. febrúar. Báðir sleðarnir grófust að hluta en mennina sakaði ekki. Snjóflóð féll á bíl við Óshólavita á Óshlíðinni þann 8. febrúar. Hafði bílstjórinn stöðvað við eitt flóð á leið sinni til Ísafjarðar, sneri við og kom þá að öðru nýföllnu flóði. Hann yfirgaf bílinn og hugðist ganga yfir flóðið að bíl sem var Bolungarvíkurmegin. Féll þá flóð á bílinn hans en maðurinn slapp ómeiddur. Í Landabrunum við Stöðvarfjörð féll snjóflóð á snjóruðningsbíl sem snérist þversum á vegi í Mjósundunum. Ökumanninn sakaði ekki en litlu munaði að bíllinn færi með flóðinu útaf veginum og félli tugi metra niður í fjöru.

Mars. Skíðamaður lenti í snjóflóði á skíðasvæðinu í Stafdal þann 3. mars. Hann reyndi að skíða út úr flóðinu en missti fótanna og barst með því niður. Maður á snjóbretti kom af stað flekaflóði austanmegin á skíðasvæðinu í Stafdal þann 15. mars. Honum tókst að renna sér undan flóðinu sem var um 100 metrar á breidd og 200 metra langt. Sleðamaður setti af stað flóð í Tungudal ofan Dalvíkur 22. mars. Flóðið var um 200 metra breitt. Daginn áður féll 270 metra breitt flekaflóð sunnan og ofan við skíðasvæðið, úr fjallsbrún Böggisstaðafjalls þegar tveir vélsleðar keyrðu upp hlíðina.

Apríl. Vélsleðamaður kom af stað flóði ofan við Kollaleiru í Reyðarfirði þann 6. apríl. Hann slasaðist á öxl og lítillaga í andliti. Hópur vélsleðamanna kom af stað snjóflóði í Muggudölum, skammt frá Strútslaug, laugardaginn 5. apríl. Tíu sleðamenn voru á ferð upp dalinn þegar næstsíðasti sleðinn kom flóðinu af stað. Síðasti sleðamaðurinn í hópnum komst undan með lagni. Hópurinn sá fleiri flóð á svæðinu, m.a. flóð á Dómadalshálsi sem greinilega voru af völdum vélsleða.

Maí. Snjóeftirlitsmaður Veðurstofunnar á Siglufirði var við snjósmælingar í Strengsgili er hann lenti í flóði 5. maí. Þegar flóðið stöðvaðist var hann grafinn að hálfu í snjó með höfuðið upp úr og ómeiddur.

4.2 Helstu snjóflóð

Í þessum kafla verður gerð grein fyrir nokkrum markverðum flóðum vetrarins. Það getur verið misjafnt eftir árum hvaða flóð eru metin markverð. Það getur verið vegna óvenjulegrar staðsetningar, tjóns á fólki eða munum, stærð o.fl. Í þessum annál eru flest flóðin markverð vegna stærðar og í einu tilfelli vegna þess að starfsmaður snjóeftirlits Veðurstofunnar lenti í snjóflóði.

4.2.1 Stórt og formfagurt flóð í Bjólfinum 9. febrúar

Aðfaranótt 9. febrúar féll stórt flóð úr Bjólfinum á Seyðisfirði. Flóðið stöðvaðist rétt áður en það náði varnargarðinum. Veður var gott en það hlýnaði skyndilega klukkutímana á undan og hiti fór yfir frostmark. Flóðið var mjög formfagurt og stórt.



Mynd 4. Snjóflóðið við varnargarðinn í Bjólfinum, Seyðisfirði.


Helstu stærðir

Dagsetning: 9. febrúar 2008 kl. 02:00
Flóð nr. 4156
Upptaka-/stöðvunarhæð: 800/600 m.

Breidd tungu: 120 m.
Tegund: Þurrt flekahlaup
Stærðarflokkur: 4

4.2.2 Syðridalur 12. febrúar

Snjóflóð féll úr Tyrkjagili í Syðridal, líklega þann 12. febrúar um 200 metrum innan við hesthúsin í Bolungarvík. Flóðið var stórt og fór framhjá nokkrum háspennumöstrum án þess að valda tjóni. Flóðtungan stöðvaði í brekkurótunum eða í svipaðri hæð og hesthúsin standa.



Mynd 5. Flóðið í Tyrkjagili



Mynd 6. Jóhann Hannibalsson mælir brotstálið í Tyrkjagili.

Helstu stærðir

Dagsetning: 12. febrúar 2008
 Flóð nr. 8262
 Upptaka-/stöðvunarhæð: 590/12 m

Breidd tungu: 150 m.
 Tegund: Þurrt flekahlaup
 Stærðarflokkur: 4

4.2.3 Súgandafjörður 28. febrúar

Þann 28. febrúar féll mjög stórt flóð í botni Súgandafjarðar. Flóðið fór yfir gangamunnann og veginn á 100 metra kafla og lokaði honum. Brotstálið var í efstu klettum í hvilft og féll niður í hvilftina, náði fram úr henni og langt niður í dalbotninn. Flóðið er það stærsta sem mælt var veturinn 2007–2008.



Mynd 7. Flóðfarvegurinn í botni Súgandafjarðar. Brotstálið var efst í klettunum.



Mynd 8. Oddur Pétursson mælir flóðið við gangamunnann í Súgandafirði.

Helstu stærðir

Dagsetning: 28. febrúar 2008

Flóð nr. 3456

Upptaka-/stöðvunarhæð: 660/83 m.

Breidd tungu: 250 m.

Tegund: Þurrt flekahlaup

Stærðarflokkur: 4,5

4.2.4 Sprengiflóð 6. apríl

Sprengiverkefni Snjóflóðaseturs Veðurstofunnar á Ísafirði var haldið áfram þennan vetur. Markmið verkefnisins er annars vegar að kanna með hvaða hætti best er að sprengja niður snjóflóð við íslenskar aðstæður og hvort að hægt sé að nota þá aðferð við að draga úr hættu vegna snjóflóða. Hinsvegar er markmiðið að setja af stað stór flóð í vísindaskyni þannig að hægt sé að mæla ýmsa eiginleika þeirra. Sprengd voru fjögur flóð dagana 18. mars og 6. apríl í nágrenni Bolungarvíkur. Notast var við 75 kg hleðslu af dínamíti í hverja sprengju. Að neðan eru myndir og nánari upplýsingar um annað af flóðunum sem sett voru af stað þann 6. apríl.



Mynd 9. Snjóflóð á ferð niður annað sprengigiljanna í nágrenni Bolungarvíkur.



Mynd 10. Snjóflóð í sprengigili á fullri ferð.

Helstu stærðir

Dagsetning: 6. apríl 2008

Flóð nr. 8274

Upptaka-/stöðvunarhæð: 500/56 m.

Breidd tungu: 220 m.

Tegund: Þurrt flekahlaup

Stærðarflokkur: 4

4.2.5 Kúhagagil 1. maí

Stórt snjóflóð féll þann 1. maí úr Kúhagagili í Ólafsfirði yfir gangamunna Múlaganga. Norðan hríðarveður var á Ólafsfirði dagana 29. apríl –1. maí. Þann 29. apríl mældist úrkoma 30 mm og snjódýptaraukning í Tindaöxl á tímabilinu 28. apríl –1. maí var um 80 cm. Flóðið breiddi mikið úr sér neðan gilsins og féll í sjó fram, mesta breidd var 160 metrar. Það var nokkuð blautt í tungunni og víða yfir 2 metrar á þykkt en snjóað hafði yfir upptökin. Rúmmál flóðsins var sennilega yfir 50.000 m³.



Mynd 11. Flóðið fór yfir vegskála Múlaganga.



Mynd 12. Flóðið í Kúhagagili breiddi mikið úr sér og féll í sjó fram.

Helstu stærðir

Dagsetning: 1. maí 2008

Flóð nr.: 118

Upptaka-/stöðvunarhæð: Óþekkt/Í sjó.

Tegund: Flekahlaup

Mesta þykkt: 2,6 m.

Stærðarflokkur: 4

4.2.6 Maður í snjóflóði í Strengsgili 5. maí

Gestur Hansson, snjóeftirlitsmaður Veðurstofunnar á Siglufirði, var á gangi upp Strengsgilið ofan byggðarinnar er hann lenti í flóði 5. maí. Ekki þurfti meira til en að stinga snjóflóðastönginni í snjóinn. Heyrðist þá hvellur og sprunga opnaðist sem hann féll ofan í og barst með snjónum niður eftir gilinu. Þegar flóðið stöðvaðist, var hann grafinn að hálfu í snjó með höfuðið upp úr en ómeiddur.



Mynd 13. Strengsgil. Hengjan sem brotnaði er merkt með rauðu.



Mynd 14. Horft niður flóðið í Strengsgili.

Helstu stærðir

Dagsetning: 5. maí 2008

Flóð nr. 2343

Upptaka-/stöðvunarhæð: 400/300 m.

Tegund: Þurrt flekahlaup

Mesta þykkt: 1,8 m.

Stærðarflokkur: 2

4.3 Helstu hrinur vetrarins

Í gagnagrunni Veðurstofunnar eru skilgreindar hrinur snjóflóða þegar ástæða þykir til. Þá er átt við mörg snjóflóð sem falla í sama óveðrinu á nokkurra daga tímabili og yfirleitt í sama landshluta. Hér að neðan er gerð grein fyrir tveimur hrinum veturinn 2007–2008, helstu flóðum sem féllu, veðrinu sem ríkti og viðbrögðum snjóflóðavaktar.

4.3.1 Norðanverðir Vestfirðir 7.–9. febrúar

Mörg flóð féllu á Eyrarhlíð, Súðavíkurhlíð og Óshlíð í annari viku janúarmánaðar sem lokuðu vegum og ollu vandræðum þegar fólk lokaðist á milli flóða.

Það hafði verið kuldatíð með skafrenningi víða um land dagana á undan með mikilli snjó-söfnun í giljum og hlémegin í fjöllum. Það vakti athygli að einna mestur snjór í byggð var í Vík í Mýrdal og Vestmannaeyjum. Um miðnættið þann 8. febrúar hlýnaði skyndilega er vindátt snérist úr vestri í sunnanátt og hækkaði hitinn á Ísafirði og Bolungarvík um átta gráður og var hitastig um 4 gráður upp úr hádegi sama dag. Það kólnaði jafn skyndilega eftir miðnættið og upp úr hádegi þann 9. febrúar var hitastig aftur um -4°C .

Snjóflóð byrjuðu að falla á Súðavíkurhlíð að morgni 7. febrúar og ökumenn lentu í vandræðum; keyrðu inn í flóð og festust á milli flóða og þurfti að senda gröfu og björgunarsveitarmenn til aðstoðar. Þennan sólarhring féllu 25 flóð á Súðavíkurhlíð sem öll fóru yfir veg. Er því óhætt að segja að það hafi fallið flóð úr nánast hverju einasta gili á hlíðinni og voru sum mjög stór miðað við aðstæður.

Flóð féllu einnig á Óshlíðinni og ákvað Vegagerðin fyrir hádegið að loka báðum hlíðunum fyrir umferð. Seinnipart 7. febrúar var sett á lögregluvakt á Eyrarhlíðinni og var bílum hleypt í gegn undir stjórn lögreglunar. Óshlíðin var opnuð í nokkra klukkutíma til að hleypa fólki heim úr vinnu og var henni síðan lokað aftur yfir nóttina. Ekki var reynt að opna Súðavíkurhlíð.

Aðfaranótt 8. febrúar snjóaði töluvert á norðanverðum Vestfjörðum og gekk á með dimmum suðvestan éljum. Vegir voru opnaðir um morguninn en jafnvel búist við að þeir myndu lokast aftur seinna um daginn, því spáð var hlýnandi veðri.

Sett var á viðbúnaðarástand á norðanverðum Vestfjörðum þann 8. febrúar kl. 13:15 og á sunnanverðum Vestfjörðum sama dag kl. 17:05.

Tvö flóð féllu daginn áður úr Kubbanum ofan Holtahverfis í Skutulsfirði, niður að fjárgirðingu ofan hverfisins. Snjóflóðavaktin hafði áhyggjur af aðstæðum í fjallinu og var ákveðið að opna varaleið inn og út úr hverfinu ef það þyrfti að rýma.

Óshlíðin var opnuð að morgni 8. febrúar en það varði stutt. Um hádegið féllu flóð á hlíðinni sem lokuðu veginum og festist fólk á milli flóða og var það sótt á báti. Maður var einnig hætt kominn við Óshólavita þegar snjóflóð féll á bílinn hans, en stuttu áður hafði maðurinn yfirgefið bílinn vegna annars flóðs sem lokaði veginum. Ákveðið var að loka Óshlíðinni og Vegagerðin ákvað að vera með bátsferð milli Bolungarvíkur og Ísafjarðar að loknum hefðbundnum vinnudegi.

Eftir hádegið féll flóð á Suðureyri, milli spennistöðvar Orkubúsins og knattspyrnuvallarins niður á gamla veginn. Heimamenn sögðu að snjómagn í hlíðinni fyrir ofan bæinn væri svipað og þar sem flóðið kom niður. Ákveðið var að senda snjóathugunarmenn til að kanna aðstæður og meta hvort ástæða væri til að rýma einhver hús á Suðureyri. Þeir þurftu frá að hverfa vegna snjóflóðs sem lokaði veginum við gangamunnann í botni Súgandafjarðar. Óskað var eftir myndum af hlíðinni ofan þorpsins og í kjölfarið var ákveðið að rýma ekki að svo stöddu.

Fylgst var vel með þróun mála á Vestfjörðum það sem eftir lifði dags og aðstæður kannaðar á sveitabæjum þar sem snjóflóðahætta gæti skapast. Eins bárust fregnir af flóðum á Norðurlandi og Austfjörðum en þau voru mun færri en á Vestfjörðum.

Töluverða hláku gerði á sunnanverðum Vestfjörðum seinnipart 8. febrúar og þótti ástæða til að fylgjast vel með á Patreksfirði, Bíldudal og Tálknafirði. Þegar líða tók að miðnætti var úrkoma um 3mm/klst á Patreksfirði og vaxandi en töluvert minni á Bíldudal. Allir lækir náðu að hreinsa sig eðlilega og engar krapastíflur mynduðust og dró verulega úr úrkomu til miðnættis. Á Austfjörðum var líka mikil úrkoma um miðnættið en engin vandræði sköpuðust.

Þann 10. febrúar komu snjóeftirlitsmenn á Seyðisfirði að flóði í Bjólfinum, ofan við varnargarðinn. Flóðið var mjög stórt og náði vel upp á vegg garðsins en ekki yfir hann. Líklega hefur það fallið daginn áður í hlákunni sem þá ríkti austanlands.

Viðbúnaðarstigi var aflétt á norðan- og sunnanverðum Vestfjörðum kl 10:30 þann 9. febrúar að höfðu samráði við snjóathugunarmenn á Patreksfirði, Bíldudal, Bolungarvík og Ísafirði.

4.3.2 Norðurland 13.–16. mars

Dagana 13.–16. mars féllu snjóflóð víða á Norðurlandi í hríðarveðri sem þá gekk yfir. Þann 12. mars var hiti á láglandi um 2 gráður og úrkoma fór vaxandi á Siglufirði og Ólafsfirði. Aðfaranótt 13. mars kólnaði hægt og bítandi og úrkoma mældist yfir 30 mm á þessum tveimur stöðvum með norðanátt og kalda.

Að morgni 13. mars féllu a.m.k. fimm flóð yfir Ólafsfjarðarveg og mældist eitt þeirra um 90 metra breitt á veginum. Vegurinn var fljótlega opnaður en seinnipartinn lokaðist bíll á milli flóða Dalvíkurmegin. Vegurinn var opnaður að nýju en síðan lokað fyrir nóttina. Tilkynt var um flóð úr öllum giljum frá Víkurdal út að Sauðdal og á Látraströnd voru tvö greinileg flóð og féll annað þeirra í sjó fram.

Þann 14. mars féllu tvö flóð. Annað þeirra féll niður að Siglufjarðarvegi úr Miðstrandargili en lokaði ekki veginum. Hitt flóðið og sínu merkilegra var vott flekahlaup ofan Skollaskálar á Siglufirði og stöðvaðist það á láglandi neðan hennar. Flóðið var blautt í tungu með stórum ísstykkjum sem slípað höfðu undirlagið og kom að megninu til niður Rjómalækjargil.

Fjögur flóð féllu úr Arnfinnsfjalli í Ólafsfirði á tímabilinu 13.–16. mars án þess að valda tjóni. Eins féllu mun fleiri flóð víðsvegar um Ólafsfjörð og Múlann á sama tímabili sem ekki verður vikið frekar að hér.

Heimildir

Snjóflóðagagnasafn Veðurstofu Íslands.

Trausti Jónsson (2008). *Tíðarfarsyfirlit 2007 og 2008*. Sótt 20. 11. 2009 af

<http://www.vedur.is/vedur/vedurfar/manadayfirlit/2007> og

<http://www.vedur.is/vedur/vedurfar/manadayfirlit/2008>


Harpa Grímsdóttir o.fl. (2008). *Tilraunir til að koma af stað snjóflóðum með sprengingum*.

Reykjavík, Veðurstofa Íslands, greinarg. 08014.


Veðurstofa Íslands. *Snjóflóðavakt*. Skoðað á <http://blog.vedur.is/snjoflod/>

Viðauki I. Veðuraðdragandi nokkurra snjóflóða


Veðuraðdragandi nokkurra snjóflóða hefur verið skoðaður eins og hann mældist á sjálfvirkum veðurstöðvum. Valdar voru veðurstöðvar sem voru næstar umræddum flóðum og ættu þær að gefa nokkuð góða mynd af veðurfari dagana á undan flóðunum sem um ræðir.




Mynd 15. Vindhraði og vindátt á Gagnheiði 4.–10. febrúar 2008. Þann 9. febrúar féll flóð nr. 4156 í Bjólfinum á Seyðisfirði.




Mynd 16. Hiti og uppsöfnuð úrkoma á Seyðisfirði 4.–10. febrúar 2008. Þann 9. febrúar féll flóð nr. 4156 í Bjólfinum á Seyðisfirði.




Mynd 17. Vindhraði og vindátt á Þverfjalli 7.–13. febrúar 2008. Þann 12. febrúar féll flóð nr. 8262 í Tyrkjagili.




Mynd 18. Hiti og uppsöfnuð úrkoma í Bolungarvík 7.–13. febrúar 2008. Þann 12. febrúar féll flóð nr. 8262 í Tyrkjagili.




Mynd 19. Vindhraði og vindátt á Þverfjalli 21.–27. febrúar 2008. Þann 28. febrúar féll flóð nr. 3456 yfir gangamunnann og veginn í Súgandafjarðarbotni.




Mynd 20. Hiti og uppsöfnuð úrkoma í Bolungarvík 21.–27. febrúar 2008. Þann 28. febrúar féll flóð nr. 3456 yfir gangamunnann og veginn í Súgandafjarðarbotni.



Mynd 21. Vindhraði og vindátt á Þverfjalli 1.–7. apríl 2008. Þann 6. apríl voru sprengd niður tvö flóð í nágrenni Bolungarvíkur.



Mynd 22. Hiti og uppsöfnuð úrkoma í Bolungarvík 1.–7. apríl 2008. Þann 6. apríl voru sprengd niður tvö flóð í nágrenni Bolungarvíkur.



Mynd 23. Vindhraði og vindátt í Grímsey 26. apríl –1. maí 2008. Þann 1. maí féll flóð nr. 118 yfir gangamunna Múlaganga.



Mynd 24. Hiti og uppsöfnuð úrkoma í Ólafsfirði 26. apríl –2. maí 2008. Þann 1. maí féll flóð nr. 118 yfir gangamunna Múlaganga.

Tafla 2. Nokkrir veðurþættir mældir á sjálfvirkum veðurstöðvum í aðdraganda helstu snjóflóða vetrarins, 1, 3 og 5 daga fyrir flóðin. Uppsöfnuð úrkoma er táknuð með **r** (**r00** er úrkoma 1 dag eftir flóð), meðalvindhraði (reiknað í 3. veldi) með **f**, en vigurvindur með 'v' aftast í breytuheiti, þar sem **f*v** er meðalvindhraði og **d*v** er meðalvindátt. Snjódýptarbreyting er táknuð með **snd**. Athugað var hvort hiti færi yfir 2°C síðasta sólarhringinn í aðdraganda flóðanna og er það táknað með **hlaka**.

FLOD	r1	r3	r5	r00	hlaka	f1	f3	f5	f1v	f3v	f5v	d1v	d3v	d5v	snd1	snd3	snd5
4156	6,8	26,3	43	8,9	já	23,5	22,9	NA	18,6	12,7	6,2	5	27	20	-5	-50,8	-24,6
8262	2,8	9,6	30,5	1,2	nei	14,8	16,9	19,8	9,8	10,3	10,2	30	8	5	-1,6	-2,6	-21,1
3456	1,5	22,6	23,7	4	nei	12,2	11,1	9,7	11,8	7,8	4,2	30	29	29	0	7,8	2,1
8274	0	0,1	0,3	0,1	já	6,4	10,5	13	5,7	5,3	7,9	85	13	16	0,7	1,8	-1,9
118	8,9	46,3	49,1	1,4	nei	9,9	9,7	9,2	9,7	9,3	8,6	50	42	38	357	388	392
2343	0,8	11,8	57,2	0,7	já	6,8	7,1	8,5	6,4	6	7,3	71	76	59	1	0,7	0,8

Það getur verið villandi að reikna meðaltal vindáttar fyrir þrjá og fimm daga í aðdraganda flóðanna og jafnvel síðasta sólarhringinn, þar sem vindátt getur verið mjög brengluð í hægum vindi. Brugðið var á það ráð að birta í töflu 2 reiknaðan vigurvind fyrir 1, 3, og 5 daga í aðdraganda helstu flóða vetrarins, þannig fæst skárra mat á vindátt á meðan hvassast var.

Tafla 3. Veðurstöðvar sem notaðar voru til að greina einstaka þætti í veðuraðdraganda snjóflóðanna. Notast var við veðurstöðvar sem næst viðkomandi flóðum. Óvíst er að snjódýptarmælingar langt frá upptakasvæðum snjóflóðanna séu marktækar, en þær fá þó að fylgja með.

Flóð	Úrkoma	Hiti	Vindur	Snjódýpt
4156	Seyðisfjörður	Seyðisfjörður	Gagnheiði	Seyðisfjörður - Kálfabotnar
8262	Bolungarvík sjálfv. stöð	Bolungarvík sjálfv. stöð	Þverfjall	Bolungarvík - Traðargil
3456	Bolungarvík sjálfv. stöð	Bolungarvík sjálfv. stöð	Þverfjall	Bolungarvík - Traðargil
8274	Bolungarvík sjálfv. stöð	Bolungarvík sjálfv. stöð	Þverfjall	Bolungarvík - Traðargil
118	Ólafsfjörður	Ólafsfjörður	Grimsey	Ólafsfjörður - Tindaöxl
2343	Siglufjörður	Siglufjörður	Grimsey	Siglufjörður - Hafnarfjall

Viðauki II. Skráð ofanflóð veturinn 2007–2008

Skýringar við annál

Annállinn inniheldur öll flóð sem voru skráð í gagnagrunn Veðurstofunnar veturinn 2007–2008. Listinn inniheldur einnig öll flóð sem fallið hafa á vegakerfið og eru skráð í gagnasafn Vegagerðarinnar á Vestfjörðum og Norðurlandi. Eins mæla snjóathugunarmenn Veðurstofunnar oft flóð sem falla á vegi í nágrenni við byggð. Í annálnum er að finna nokkrar helstu breytur úr gagnagrunninum og eru þær útskýrðar nánar hér.

Farvegur: Öll flóð eru skráð í fyrirfram skilgreinda farvegi.

Dagsetning: Oftast er um nákvæma dagsetningu að ræða en stundum er ekki vitað nákvæmlega hvenær flóðið féll og er þá líklegasta tímabilið skráð.

Númer: Öllum flóðum er gefið auðkennisnúmer.

Tegund: S=ótilgreind tegund snjóflóðs; L=lausasnjóflóð; F=flekaflóð; K=krapaflóð. Ef stafirnir „F“ og „L“ hafa lágvísinn „v“ (t.d. „Fv“) þá er um vott flóð að ræða, annars þurrt.

Stærð: Snjóflóð eru flokkuð í stærðir með hliðsjón af kanadíska flokkunarkerfinu. Stærðarflokkarnir eru frá 1–5. Stærri flóð en 4 eru mjög sjaldgæf.

Lengd/breidd/ dýpi: Lárétt lengd flóðsins frá upptökum til stöðvunarpunkts, meðalbreidd tungu og meðaldýpi í tungu (táknað „Le/Br/Dp“ í töfluhaus og gefið upp í metrum).

Skráð ofanflóð veturinn 2007/2008

Staður/farvegur	Dagsetning	Númer	Tegund/ staerð	Lengd/Br/Dýpt (m)	Aðrar upplýsingar
Reykjavík og nærsveitir					
Bláfjöll og nágrenni	19–21.12.2007	145	S/1		Lítið flekaflóð féll í sunnanverðu Vífilsfelli en fór stutt.
Hengill	15.1.2008	7846	S		Snjóflóð fór niður á veg sem liggur að bor á Nesjavöllum.
Hengill	ca. 20.1.2008	7847	S		Snjóflóð féll úr Karlagili í Hamragili í Hengli og skemmdi vélaskemmu.
Mosfellsbær	13.3.2008	7855	F/1.5	-/25/-	Tvö flekaflóð féllu í vestanverðu Úlfarfelli.
Ólafsvík					
Enni	30.1.2008	402	S		Menn í eftirleitum komu af stað snjóflóði í Ólafsvíkurenni. Einn mannana náði að forða sér á hlaupum undan flóðinu.
Patreksfjörður					
Vatneyri	3.12.2007	8251	S/1		Nokkrar litlar spýjur féllu fyrir ofan Vatneyrina á Patreksfirði.
Vatneyri	11.12.2007	8252	S		Nokkrar snjóflóðaspýjur féllu fyrir ofan Vatneyrina á Patreksfirði.
Patreksfjörður	22.1.2008	7044	L		Fjórar snjóflóðaspýjur féllu á Patreksfirði.
Patreksfjörður	27.1.2008	7042	S/2.5	-/15/0.5	Snjóflóð féll á Patreksfirði.
Patreksfjörður	27.1.2008	7041	S/2.5		Snjóflóð féll ofan við spennistöðina á Patreksfirði.
Geirseyrargil	31.1.2008	7043	S/2		Snjóflóð féll úr Geirseyrargili.
Patreksfjörður	3.2.2008	7045	S/2		Snjóflóð féll á Patreksfirði.

Staður/farvegur	Dagsetning	Númer	Tegund/ staerð	Leigd/Br/Dýpt (m)	Aðrar upplýsingar
Litlidalur	4.3.2008	4163	S		Snjóflóð féllu víða á Patreksfirði.
Vatneyri	5.3.2008	7853	S		Snjóflóð féll ofan við höfnina á Patreksfirði og stöðvaðist um 300 m ofan götunnar Hóla.
Tálknafjörður					
Geitárhorn	2.3.2008	7851	S	- / 10 / -	Snjóflóð féll í Geitárhorni á Tálknafirði.
Bíldudalur					
Gílsbakkagil	jan/feb 2008	141	S		Flekaflóð féll innst í Gílsbakkagili upp undir klettum en tunga þess sást ekki í gilbotninum.
Milligilin	4.3.2008	7852	S		Snjóflóð féllu úr öllum Milligiljunum en stöðvuðust vel ofan byggðar.
Öndarfjörður					
Selabólsturð, undir Urdarskál	31.1.2008	5162	F / 3.5		Stórt snjóflóð féll á Selabólsturð og fram í sjó.
Súgandafjörður					
Súgandafjörður	8.2.2008	3452	F / 2	- / - / 0.3	Þurrt flekahláup féll úr Hádegishorni ofan við bæinn Botn.
Súgandafjörður	8.2.2008	3453	F / 2	- / - / 0.3	Snjóflóð féll við gangamunnann í Súgandafirði og lokaði veginum í nokkrar klukkustundir.
Súgandafjörður	8.2.2008	3451	F / 2	- / - / 0.3	Flekahláup féll í Súgandafirði, rétt utan við varaafstöð Orkubús Vestfjarða.
Súgandafjörður	26.2.2008	3456	F / 4.5	1750 / 250 / 0.75	Snjóflóð féll á vegskálann í Súgandafirði og fór yfir hann að hluta. Flóðið lokaði veginum á 100 m kafla.
Súgandafjörður	12.4.2008	3466	Fv	- / - / 1.5	Snjóflóð féll úr norðurhlöðinni við bæinn Botn.

Staður/farvegur	Dagsetning	Númer	Tegund/ staerð	Lengd/Br/Dýpt (m)	Aðrar upplýsingar
Bolungarvík					
Bollagil	23.1.2008	7858	S		Snjóflóð féll á skiðalyftuna í Bolungarvík.
Bolungarvík, utan þéttbýlis					
Hádegisfjall	5/6.12.2007	8242	S/2.5		Snjóflóð féllu víða í Hádegisfjalli í Bolungarvík.
Ósgil (Bæjargil við Ós)	17.1.2008	7845	S		Lítill snjóflóð féllu úr Bæjargili við Ós og Leyningsgili í Syðridal.
Mærðarhorn	22.1.2008	8255	F/2.5	-/-/0.3	Snjóflóð féll úr Mærðarhorni, Syðridal, Bolungarvík. Breitt flóð sem hreinsaði snjóinn úr hljóðinni alveg niður í jörð.
Heiðnafjall	27.1.2008	8259	F/1.5	630/40/0.3	Lítið flóð féll úr Núpsskál í Syðridal.
Óshlíð	7.2.2008	1199	F/2.5		Í hádeginu féll flóð á bíl við Óshólavita, Óshlíð. Hafði stoppað við eitt flóð á leið sinni til Ísafjarðar, sneri við og kom þá að öðru nýföllnu flóði. Hann yfirgaf bílinn og hugðist ganga yfir flóðið að bíl sem var Bolungarvíkurmegin. Féll þá flóð á bílinn hans. Maðurinn slapp.
Hólsskriða	7/8.2.2008	8261	F/3.5	530/320/0.7	Snjóflóð féllu í Hólsskriðu í fjallinu Erni við Bolungarvík.
Óshyma	8.2.2008	8260	F/1.5	-/50/0.3	Snjóflóð féll úr Bæjargilinu ofan við Ós í Syðridal.
Hesthúsagil	8.2.2008	8263	S/2	500/50/0.4	Lítið snjóflóð féll í Hesthúsagili í fjallinu Erni.
Hlíð ofan Orkubús	9.2.2008	8264	F/1.5	275/15/0.3	Snjóflóð féll í gili utan við hesthúsin í Bolungarvík.
Gil ofan Orkubús	9.2.2008	8265	F/3	340/30/0.5	Snjóflóð féll í Erminum beint upp af Egilsbúð.
Múrhús, ytri	9.2.2008	8266	Fv/1.5	120/52/0.3	Snjóflóð féll í Erminum upp af fótboltavelli á skeiði.

Staður/farvegur	Dagsetning	Númer	Tegund/ staerð	Lengd/Br/Dýpt (m)	Aðrar upplýsingar
Tyrkjagil	9.2.2008	8272	S/1.5	-/27/0.5	Snjóflóð féll í Tyrkjagili.
Tyrkjagil	11/12.2.2008	8262	F/4	860/150/-	Stórt snjóflóð féll í Tyrkjagili innan við hesthúsin í Bolungarvík. Flóðið náði niður fyrir háspennulínurnar en olli ekki skemmdum.
Hólsskriða	14.2.2008	8267	Fv/3	550/53/0.7	Snjóflóð féll í Hólsskriðunni í Erminum.
Tunguhorn	14/15.2.2008	8258	F/2.5	409/170/-	Snjóflóð féll innst í Tunguhorni í Tungudal.
Heiðnafjall	27.2.2008	8270	F/1.5	507/20/0.4	Snjóflóð féll í Heiðnafjalli.
Hádegisfjall	27.2.2008	8271	F/2	990/60/0.6	Snjóflóð féll í Hádegisfjalli.
Heiðnafjall	27.2.2008	8268	F/2.5	410/40/0.7	Snjóflóð féll í Heiðnafjalli.
Heiðnafjall	27.2.2008	8269	F/3.5	777/200/0.7	Stórt snjóflóð féll í Heiðnafjalli.
Sóleyjarhryggsgil, Innra-Sprengigil	18.3.2008	8279	Fv/3	670/35/1	Snjóflóði af stærðinni 3 var komið af stað með sprengingu í gili í Skálavík.
Skálavík	~31.3.2008	8273	F/3	-/80/0.6	Snjóflóð féll í næsta gili innan við Breiðabólsskál í Skálavík.
Hádegisfjall	30/31.3.2008	8275	F/3.5	-/40/0.7	Snjóflóð féll í Hádegisfjalli.
Hádegisfjall	31.3.2008	8276	F/3	1000/37/0.7	Snjóflóð féll í Hádegisfjalli.
Hádegisfjall	31.3.2008	8277	F/3.5	1030/110/0.7	Snjóflóð féll í Hádegisfjalli.
